

Skýrsla innra mats Grandaskóla

2025-2026



Unnin af innra mats- og þróunarteymi Grandaskóla
júní 2026

Síðast breytt 26.06.2026

Grandaskóli er grunnskóli í Reykjavík þar sem eru um 340 nemendur í 1. - 7. bekk. Starfsmenn eru um 50 talsins. Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins.

Innra mats- og þróunarteymi Grandaskóla tók til starfa í vetur, teymið fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Það hefur það hlutverk að rýna í skólastarfið með skipulögðum hætti og draga fram styrkleika skólans og koma með hugmyndir að umbótum. Þessi skýrsla inniheldur langtímaáætlun til 5 ára (gult skjal), áætlun fyrir skólaárið 2025-2026 (rautt skjal), greinargerð um innra mat (grænt skjal) og umbótaáætlun (blátt skjal).

Innra mats- og skólaþróunarteymi Grandaskóla 2025-2026

Anna Sólveig Árnadóttir

Arnheiður Ingimundardóttir

Eygló Bára Jónsdóttir

Hjördís Bára Gestsdóttir

Katrín Ásta Hafsteinsdóttir

Ragnhildur Einarsdóttir

Vigdís Jóhannsdóttir

Þórdís Ívarsdóttir

Skólinn nýtir gæðaviðmið grunnskóla og viðmið menntastefnu Reykjavíkur í sínu innra mati. Gæðaviðmið eru rýnd af matsteymi skólans og á matsfundum með kennurum og/eða starfsfólki þegar við á. Rýnt er í niðurstöður námsmats, s.s. Lesfimi, Matsferil og Lesmál. Niðurstöður starfsþróunarsamtala. Einnig eru niðurstöður viðhorfskannana skoðaðar en þær eru, Stofnun ársins sem er lögð fyrir starfsfólk, Skólapúlsinn sem er lagður fyrir nemendur í 6. og 7. bekk og Foreldrakönnun SFS. Fylgst er með gæðum kennslu í gegnum innlit í kennslustundir, sjálfsmat, jafningjamat og ígrundun.

LANGTÍMAÁÆTLUN 2025-2030

<u>Gæðaviðmið Menntamálaráðuneytis</u>	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Stjórnun og fagleg forysta					
Samvirkni í stefnumótun					
Faglegt samstarf og samræða		X			
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu				X	
Umbætur og innleiðing breytinga			X		
"Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir"					
Starfsmannastjórnun og verkaskipting					X
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks					X
Nám og kennsla					
Inntak og námskrá		X			
Árangur náms	X	X	X	X	X
Gæði kennslu	X	X	X	X	X
Skipulag náms				X	
Námssvitund					X

Ábyrg og þátttaka			X		
<u>Menntastefna Reykjavíkur</u>	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Félagsfærni	X	X	X	X	X
Sjálfsþing		X			
Heilbrigði			X		
Læsi				X	
Sköpun					X
Aðrir áhersluþættir skóla					

ÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2025-2026 í Grandaskóla

Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Gæði kennslustunda. Kafli 2.3. í gæðaviðmiðum	Sjá <i>Viðmið um gæði kennslustunda</i>	Sjálfsmat kennslustunda Matslistar Byrjendalæsis	október - maí Nóvember	stjórnendur / kennarar	90% kennara hafa lokið sjálfsmati og samtali við jafningja. Áframhaldandi vottun sem BL - skóli.
Líðan nemenda	Sjá markmið um líðan nemenda í skólanámskrá. Bætt aðgengi og öryggi.	Spurningakönnun lögð fyrir nemendur (ÍÆ og RogG) Skólap. Öryggis- aðgengis - og stöðukönnun Unicef.	Nóv. og apríl. Nóv. - jan.	Matsteymi Unicef leiðtogar	Vera fyrir ofan landsmeðaltal Meiri meðvitund nemenda um réttindi. Umbætur skv. aðgerðaráætlun réttindaráðs Unicef.

Árangur náms Kafli 2.2. í gæðaviðmiðum	Sjá markmið um árangur nemenda í skólanámskrá	Lesfimiþróf 1. - 7. b. Lesskimun 1. b. Aston Index 2. - 7. b. Matsferill 4. – 7. b. Lesmál 2. b.	Einu - þrisvar sinnnum á skólaárinu.	Umsjónar- kennarar og stjórnendur	Lesfimiviðmið Að nemendur sýni jákvæða framvindu.
Stjórnun og fagleg forysta	Samkvæmt gæðaviðmiðum grunnskóla.	Greining gagna. Matsfundur. Stofnun ársins - Spurningakönnun til starfsfólks.	Apríl	Matsteymi	Gæðalýsing á umbótum og innleiðingum breytinga í gæðaviðmiðum um grunnskóla. Allir þættir í A eða B.
Líðan og viðhorf starfsfólks	Sjá markmið um líðan starfsfólks í skólanámskrá.	Stofnun ársins - Spurningakönnun til starfsfólks.	Janúar - mars	Matsteymi	Vera fyrir ofan meðaltal í Reykjavík.
Viðhorf foreldra		Foreldrakönnun SFS	Maí		Ath. á eftir að setja inn í dálka.

GREINARGERÐ UM INNRA MAT Grandaskóla vor 2026

Niðurstaða innra mats (styrkleikar og tækifæri)

Stutt lýsing á skóla og vinnu við innra mat

Grandaskóli er grunnskóli í Reykjavík þar sem eru um 340 nemendur í 1. - 7. bekk. Starfsmenn eru um 50 talsins. Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), [menntastefnu Reykjavíkurborgar](#), [leiðsagnarnámi](#), könnunum, námsmati og áherslum skólans.

Í Grandaskóla starfar innra mats- og þróunarteymi og í því sitja fimm kennarar og þrír stjórnendur, teymið hefur fundað í sex skipti í vetur auk þess sem það hefur stýrt kennarafundum um gæðaviðmið kennslustunda og tekið þátt í vinnudegi á vegum SFS fyrir innra matsteymi. Faglegur leiðtogi frá SFS kom tvisvar að hitta teymið á fundi.

Teymið hefur sett fram langtímaáætlun til 5 ára (gult skjal) og út frá henni gert áætlun fyrir skólaárið 2025-2026 (rautt skjal) og kynnt fyrir starfsfólki skólans. Matsteymið ákvað hvaða gögn skyldu notuð við matið og aðilar úr teyminu settu saman þessa greinargerð þar sem styrkleikar annars vegar og tækifæri til úrbóta hins vegar eru tekin saman.

Helstu niðurstöður innra mats út frá áætlun fyrir skólaárið 2025-2026

Líðan og viðhorf nemenda

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6. og 7. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Tuttugu matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Viðmiðið var að niðurstöður okkar séu sambærilegar eða betri en meðaltal landsins.

Niðurstöður sýna að nemendur Grandaskóla hafa ánægju af lestri og eru niðurstöðurnar marktækt betri en landsmeðaltal. Einnig eru fjórir aðrir þættir sem sýna tölfræðilega marktækt frábrugðnar niðurstöður þar sem Grandaskóli er með jákvæðan mismun, það eru þættirnir *sjálfsálit, vellíðan, ánægja af náttúrufræði og samsömun í nemendahópnum*. Í aukaspurningum skólapúlansins er spurningin; *Ég veit hvað ég á að læra af verkefnum sem ég er að fást við í skólanum* þar er jákvæð breyting hjá okkar nemendahópi og niðurstöðurnar marktækt betri en á landsvísu.

Neikvæðu niðurstöðurnar úr *Skólapúlsum* eru hins vegar þær að tíðni eineltis hefur aukist og það er marktækur munur á Grandaskóla og landinu, skólanum í óhag.

Einnig voru metnir þættir er lúta að meðvitund nemenda um réttindi sín og líðan þeirra í skólanum út frá öryggis- og aðgengiskönnun og stöðumati á vegum *UNICEF* sem lagt var fyrir alla nemendur og starfsfólk í október 2025. Niðurstöður gáfu til kynna að þekking starfsfólks og nemenda á *Barnasáttmálanum* var frekar takmörkuð. Sáttmálinn er hvorki hluti af daglegu skólastarfi né sýnilegur í skólanum. Það komu líka fram merki um vanlíðan nemenda á sameiginlegum rýmum s.s. matsal og anddyrum vegna hávaða og troðnings og óánægja var með hreinlæti á salernisaðstöðu nemenda. Öryggiskönnun gaf einnig til kynna erfiðleika í samskiptum milli elstu og yngstu nemenda skólans.

Styrkleikar:

Samkvæmt Skólapúlsum virðist nemendum líða vel og hafa ánægju á náminu. Þeir eru einnig meðvitaðir um hvað þeir eru að læra hverju sinni. Rýma þessar niðurstöður vel við niðurstöður kannana á vegum *UNICEF* sem sýna að almennt upplifa nemendur að þeim líði vel bæði í kennslustundum og frímínútum. Þær niðurstöður sýna einnig að börnin upplifa sig örugg og treysta starfsfólki til að passa upp á öryggi sitt.

Tækifæri til umbóta:

Við sjáum tækifæri í því að fræða nemendur betur um mismunandi myndir samskipta, í könnunum *UNICEF* kemur fram að auka þarf góð samskipti milli elstu og yngstu nemenda skólans, t.d. með skipulagðri samveru og/eða samvinnu nokkur skipti yfir veturinn.

Einnig þarf að finna leiðir til að fá meiri ró á sameiginlegum rýmum og í matsal og að bæta umgengni á nemendasalernum, þetta eru atriði sem falla undir skólabrag og því er tækifæri að vinna með skólabrag bæði meðal starfsfólks og nemenda næsta vetur. Til að bæta salernisaðstöðu nemenda er hægt að auka tíðni þrifa yfir skóladaginn, að þau séu þrifu oft en í lok skóladags.

Með fræðslu fyrir starfsfólk og nemendur og sýnileika sáttmálans er hægt að auka þekkingu á barnasáttmálanum og gera hann hluta af daglegu skólastarfi.

Til að vinna gegn einelti er mikilvægt að halda áfram að vinna með *Verkfærakistu grunnskólanna* sem innleidd var í vetur og að fræða nemendur um einelti, eineltishringinn og birtingarmyndir eineltis. Kenna nemendum hvernig skal bregðast við ef þeir telja sig verða fyrir einelti eða verða vitni að einelti meðal annarra nemenda. Kjörið er að koma þessari fræðslu inn í forvarnaráætlun skólans þannig að hún festi sig í sessi.

Þar sem niðurstöður *Skólapúlsins* ná eingöngu til 6. og 7. bekkjar þá er tækifæri fyrir skólann að leggja *Skólapúlsinn* einnig fyrir nemendur í 2. – 5. bekk til að fá svör frá breiðari hópi nemenda.

Árangur náms

Í innra matinu er rýnt í árangur nemenda í *Lesfimi*prófum (1. – 7. bekkur), *Lesmáli* (2. bekkur) og *Matsferilsprófum* í lesskilningi og stærðfræði (4. – 7. bekkur).

Meðaltal allra árganga í *Lesfimi* er yfir landsmeðaltali sem er mælitalan 10. Fjórir árgangar skólans eru með mælitölu 12 og þrír árgangar með mælitöluna 11 sem verður að teljast góður árangur. Niðurstöður *Lesfimi* sýna einnig að í öllum árgöngum er skólinn með færri nemendur undir meðaltali, í skólanum í heild eru eingöngu 8% undir meðaltali en á landinu eru það 21%. Einnig eru 39% yfir meðaltali í skólanum en 21% á landinu og í skólanum eru 53% í meðaltali en þar eru 58% á landinu öllu. Þannig að það eru færri nemendur Grandaskóla undir meðallagi og í meðallagi en aftur fleiri sem eru yfir meðaltali miðað við landið allt.

Lesmál var lagt fyrir í apríl 2025 en það er lagt fyrir 2. árgang ár hvert. Niðurstöður berast skóla að hausti eftir fyrirlögn og því eru hér niðurstöður frá vori 2025. Í Grandaskóla svöruðu 43 nemendur af 45 könnuninni sem er 96% svörun. Í skólanum eru það 63% nemenda í þessum árgangi sem náð höfðu aldursvarandi hæfni í lestri og til viðmiðunar eru það 68% sem náðu þeim viðmiðum í Reykjavík. Í Grandaskóla eru það 25% nemenda sem þurfa tímabundinn sérstakan stuðning í lestri sem er sama hlutfall og í Reykjavík. Niðurstöðurnar sýna að 12% árgangsins þurfa einstaklingsáætlun þar til nemandinn nær árangri en í Reykjavík voru þetta 7% nemenda.

Matsferill var lagður fyrir nemendur í 4. – 7. bekkjar í mars á þessu ári. Þegar skoðuð eru hlutföll nemenda á mælitölubilum í lesskilningi eru niðurstöðurnar eftirfarandi, meðaltal landsins er í sviga. Undir meðaltali eru 12% (21%), við meðaltal 57% (58%) og yfir meðaltali 31% (21%). Í stærðfræði eru niðurstöðurnar eftirfarandi, undir meðaltali 10% (21%), við meðaltal 58% (58%) og yfir meðaltali 32% (21%).

Styrkleikar:

Árangur skólans á miðlægum prófum s.s. *Lesfimi* og *Matsferli* er góðar. Árgangar eru með færri nemendur sem eru undir meðaltali en á landsvísu og einnig með fleiri sem eru yfir meðaltali en er á landsvísu og hlutfall þeirra sem taka prófin er almennt hátt.

Tækifæri til umbóta:

Að skólinn marki sér Læsisstefnu setji á fót læsisteymi sem myndi leiða vinnuna. Í *Læsisstefnu* skólans ætti að gera ráð fyrir aðgerðum fyrir nemendur sem eru undir viðmiðum í þeim prófum sem mæla lestur og lesskilning.

Nýta niðurstöður úr stærðfræðihluta *Matsferils* til að meta stöðu nemenda og sjá hvaða nemendur þurfa stoðkennslu og hverjir sérkennslu.

Fylgjast með þróun nemenda í *Matsferli* og *Lesfimi* og forma inngrip þar sem þess er þörf og að leggja áherslu á þá einstaklinga sem eru undir viðmiði 1 og 2 í *Lesfimi* með þrepaskiptri aðgerðaráætlun.

Gæði kennslu/nám og kennsla

Í vetur unnu kennarar Grandaskóla að því að setja sér *viðmið um gæði kennslustunda*. Kennarar unnu í hópum undir stjórn innra mats- og þróunarteymis sem tók svo niðurstöðurnar saman og lagði lokaniðurstöðuna fyrir kennarafund til samþykktar. Ákveðið var að kennarar myndu byrja á því að gera sjálfsmat, meta kennslustundir hjá sér út frá þeim viðmiðum sem samþykkt voru. Síðan áttu teymin, t.d. árgangateymi að ræða saman um niðurstöðu hvers og eins og þannig fá umræðu á jafningjagrunni um kennsluna sína. Einnig var markmiðið að sníða af vankanta á viðmiðunum ef ástæða þætti til. Ekki náðist að taka umræðu með kennurum um hvernig viðmiðin okkar reyndust, ein ástæða þess er að innra mats- og þróunarteymið setti ekki tímamörk á það hvenær allir kennarar ættu að ljúka við að meta hjá sér kennslustundir.

Í nóvember var gerð úttekt á *Byrjendalæsi* (BL) í Grandaskóla af Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA). En í Grandaskóla er kennt eftir aðferðum BL, sem er samvirk nálgun í læsiskennslu barna í 1. – 3. bekk. Heildarniðurstöður úttektarinnar sýna að í skólanum fer fram mjög öflug og góð BL vinna sem leidd er af metnaðarfullum kennurum og sterkum leiðtoga.

Styrkleikar:

Það var almenn ánægja meðal kennara með að setja viðmið um gæði kennslustunda og allir kennarar voru virkir í vinnunni og það eru tækifæri til að halda einhverskonar rýnivinnu áfram.

Styrkleikar BL skv. niðurstöðuskýrslu MSHA nóvember 2025

- Virk þátttaka nemenda í umræðum og lausnaleit.
- Markviss notkun hlutverka í gagnvirkum lestri, sem stuðlar að lesskilningi.
- Samræður við nemendur vel tengdar því merkingarbæra viðfangsefni sem unnið var með í 1., 2. og 3. bekk.
- Skapandi vinnubrögð tengd við úrvinnslu og ritun
- Markviss stafainnlögn í 1. bekk.

Einnig teljum við styrkleika að allir kennarar í 1. og 2. bekk hafa sótt að minnsta kosti grunnnámskeið hjá MSHA í BL.

Tækifæri til umbóta:

Að skipulag og eftirfylgni verði markvissari og ákveðin tímamörk varðandi sjálfsmat á viðmiðum um gæði kennslustunda.

Í niðurstöðuskýrslu MSHA um BL eru talin tækifæri í að viðhalda þessari góðu vinnu sem unnin er í skólanum og að deila á milli árganga góðum hugmyndum. Það eru einnig hvatning til BL kennara í Grandaskóla að sækja saman BL smiðjur og ræði saman um nýtingu á því sem þar var kennt. Grandaskóli hefur heimild til að setja merki BL á heimasíðu skólans og ætti að gera það. Einnig á eftir að skila umbótaáætlun BL til MSHA.

Vinna að sameiginlegri sýn um það hvernig starfsfólk skólans vill hafa skólabraginn og feta leiðina að því markmiði með markvissum aðgerðum.

Stjórnun og forysta

Reykjavíkurborg leggur árlega fyrir könnun sem nefnist *Stofnun ársins*, þar er starfsfólk skólans m.a. spurt um stjórnun skólans. Í heildarmati könnunarinnar þar sem allir þættir hennar eru teknir saman, stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, ímynd,

sjálfstæði í starfi, ánægja og stolt og jafnrétti fær Grandaskóli 3,92 af 5 mögulegum og hækkar um 0,13 á milli ára. Í þættinum stjórnun fá stjórnendur Grandaskóla 4,08 stig sem er hækkan um 0,01 frá síðasta skólaári. Til viðmiðunar þá er meðaltal grunnskóla á Vesturmiðstöð 4,14 á þessum þætti könnunarinnar. Undir þættinum stjórnun eru 10 undirspurningar og er jákvæð þróun í 6 þeirra þ.e. uppávið en ein spurning sker sig úr og þar er lækkun um 0,35 en það er spurning um hrós. Starfsfólk upplifir minna en áður að því sé hrósað þegar það stendur sig vel.

Í foreldrakönnun SFS kemur fram að um 81% foreldra sem svöruðu könnuninni eru sammála eða frekar sammála spurningunni: *skólanum er vel stjórnað*.

Styrkleikar:

Heildarmat skólans í *Stofnun ársins* er uppávið og þróunin hefur verið jákvæð síðan 2023.

Foreldrar eru ánægðir með stjórnun skólans skv. foreldrakönnun SFS.

Tækifæri til umbóta:

Að vera vakandi fyrir því að hrósa starfsfólki fyrir vel unnin störf.

Halda áfram að rýna þær kannanir sem við höfum og vinna markvisst með niðurstöðurnar með það að markmiði að bæta okkur sem vinnustað.

Líðan og viðhorf starfsfólks

Starfsþróunarsamtöl voru tekin í apríl og maí. Starfsfólk fór í samtal til þess stjórnanda sem er þeirra næsti yfirmaður. Þar var spurt um líðan, samstarf í teyrum og óskir næsta skólaárs. Í samtölunum kom fram að starfsfólk er ánægt í vinnunni og fannst starfsandinn góður.

Í *Stofnun ársins* fær starfsandi 4,17 og hefur hækkað um 0,07 stig frá síðustu könnun og ekki verið hærrí síðustu 3 ár. Heildartala í þættinum sveigjanleiki í vinnu er 4,04 sem eru jákvæð breyting frá fyrra ári og þar sem meðaltal annarra grunnskóla á Vesturmiðstöð er 4,20. Í þættinum vinnuskilyrði fáum við 3,17 stig sem verður að teljast slök niðurstaða. Þar eru tveir þættir sem skera sig úr en það eru spurningar um loftgæði

annars vegar og hljóðvist hins vegar. Báðir þessir þættir fá 2,68 stig af 5 mögulegum. Aðrir þættir snúa að öryggi á vinnustað (3,86), ánægju með matar og kaffiaðstöðu (3,57), ánægju með lýsingu (3,21), ánægju með tölvu- og tækjabúnað (3,11) og ánægju með vinnu- og skrifstofurými (3,11), stig hvers þáttar er í sviga.

Styrkleikar:

Starfsfólki líður vel í vinnunni, á í góðu samstarfi við vinnufélaga og starfsandinn er góður.

Jákvæður og reynslumikill starfsmannahópur sem hefur hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Tækifæri til umbóta:

Ljóst er að vinnuskilyrði þarf að bæta. Leita þarf leiða til að bæta hljóðvist í almennum rýmum, kaffistofu starfsfólks og matsal skólans. Vinna með loftgæði skólans eru í stöðugri vinnslu, núna í sumar eru framkvæmdir sem munu vonandi hafa jákvæð áhrif á loftgæði í nokkrum rýmum skólans.

Verið er að gera úttekt á loftræstikerfinu sem mun liggja fyrir á næsta skólaári.

Öryggi á vinnustað þurfum við að ræða betur við starfsfólkið, fá umræðu um það hvað það er sem veldur því að fólk upplifir ekki öryggi á vinnustaðnum.

Í vetur höfum við verið að bæta tölvu- og tækjabúnað með þeim hætti að kennarar fái skjá og tengikví á vinnuborð sitt í kennslustofunni auk þess sem kennarar sem eru með gamlar fartölvur hafa fengið endurnýjun. Stefnt er að því að allir kennarar fái skjái og tengikví á borð sitt á næsta skólaári. Varðandi lýsingu þá eru hafin skipti á ljósum í skólanum þar sem verið er að skipta úr halogen í ledljós, þau skipti munu halda áfram þar til öll rými eru komin með ledlýsingu.

Viðhorf foreldra

Annað hvert ár leggur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fyrir kannanir á viðhorfum foreldra til starfsemi grunnskólans, hér er stuðst við niðurstöður könnunarinnar 2025-2026. Þegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) með skólann en þessari spurningu eru 86,6% mjög sammála

eða frekar sammála. Einnig kemur fram að um 81% foreldra sem svöruðu könnuninni eru sammála eða frekar sammála spurningunni: *skólanum er vel stjórnað*. Auk þess sem 86% segjast geta mælt með skólanum við aðra foreldra og tæp 78% telja upplýsingaflæði um skólastarfið vera gott. Það eru hins vegar færri foreldrar sem þekkja gildi skólans (*jákvæðni, ábyrgð, vellíðan og árangur*) en eingöngu tæp 45% þekkja þau. Og einungis 28% eru frekar sammála eða mjög sammála því að leitað sé til foreldra eftir tillögum og hugmyndum.

Styrkleikar:

Foreldrar eru ánægðir með skólann og stjórnun hans.

Tækifæri til umbóta:

Vinna með gildi skólans með nemendum þannig að þau berist með þeim til foreldra. Einnig þarf að leita leiða til að nýta þá auðlind sem foreldrar eru með því t.d. að efna til skólapiðs þar sem foreldrar hafa aðkomu.

Allir þættir sem voru dregnir fram sem tækifæri til umbóta fara í umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans er unnin út frá því mati sem fór fram á skólaárinu auk þeirra kannana sem lagðar voru fyrir. Áætlunin gildir fyrir næsta skólaár og miðar að því að bæta úr því sem í ljós kom að betur mætti fara.

UMBÓTAÁÆTLUN						
Viðfangsefni <i>(samkvæmt áætlun fyrir skólaárið)</i>	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tíma-rammi	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Líðan og viðhorf nemenda	Tækifæri skv. aðgerðaáætlun réttindaráðs Unicef. Finna leiðir til að skapa ró á sameiginlegum rýmum / matsal.	Umbætur skv. aðgerðaráætlun réttindaráðs Unicef. Umræður á bekkjarfundum og nemenda sáttmáli.	Stjórnendur og leiðtogar Unicef Kennarar	Haust 2026	Aðgengis- og öryggiskönnun og stöðumat Unicef	Niðurstöður sýni meiri þekkingu/ meðvitund nem. um barnasáttmálann og aðrar umbætur skv. aðgerðaráætlun réttindaráðs Unicef.

	<p>Betri umgengni á nemendasalernum.</p> <p>Aukin samskipti elstu og yngstu nemenda skólans.</p> <p>Auka þekkingu á barnasáttmálann.</p> <p>Gera hann hluta af daglegu starfi.</p> <p>Uppræta einelti.</p>	<p>Tæki sem mælir hljóðvist gert sýnilegt í matsal.</p> <p>Salerni yfirfarin yfir skóladaginn.</p> <p>Hjálparliðar og bekkjarvinir milli 1. og 7. bekkjar</p> <p>Þemadagar um Barnasáttmálann.</p> <p>Skólaping</p> <p>Halda áfram með verkfærakistu grunnskólanna.</p> <p>Fræða nemendur um einelti, eineltishringinn</p>	<p>Leiðtogar Unicef</p> <p>Stjórnendur</p> <p>Stjórnendur/kennarar</p> <p>Unicef leiðtogar/ Stjórnendur</p> <p>Umsjónarkennarar</p>		<p>Skólapúlsinn</p>	<p>Minnka tíðni eineltis.</p>
--	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--	---------------------	-------------------------------

	Auka þekkingu innan skólans á fjölmenningu.	og viðbrögð við einelti. Menningarmót	Kennarar/ stjórnendur			
Árangur náms	Móta feril um aðgerðir fyrir nemendur sem þurfa stuðning í lestri og lesskilningi skv. þeim prófum sem við höfum. Að nota niðurstöður matsferils í stærðfræði til að finna þá nemendur sem þurfa stoðkennslu annar vegar og hins vega þá sem þurfa sérkennslu.	Að skólinn setji sér læsisstefnu sem hefur það verkefni að móta feril fyrir nemendur sem ekki ná viðmiðum. Móta feril og velja viðmið sem notuð verða til að meta stöðu nemenda.	Stjórnendur Stjórnendur/ læsissteymi	Vetur 2026- 2027	Lesfimi, matsferill og Lesmál. Matsferill	Að nemendur sýni jákvæða framvindu Að nemendur sýni jákvæða framvindu.

Gæði kennslustunda	Að byrja að vinna eftir þeim viðmiðum gæða kennslustunda sem kennarar settu sér.	Skýrari tímarammi og eftirfylgni.	Stjórnendur/ Innra mats- og þróunarteymi	Haust 2026	Starfsþróunarsamtal/ almennt samtal og innlit	90% kennara hafa lokið sjálfsmati og samtali við jafningja.
Stjórnun og fagleg forysta	Að hrósa starfsfólki fyrir vel unnin störf. Halda áfram að rýna í Stofnun ársins og gera umbætur.	Hrósa!	Stjórnendur	Vetur 2026-2027	Stofnun ársins	Bæta niðurstöður í sem flestum þáttum á könnuninni og vera a.m.k. á pari við aðra grunnskóla á Vesturmiðstöð.
Líðan og viðhorf starfsfólks	Vinna þarf markvisst að því að bæta hljóðvist, loftgæði, lýsingu og	Halda áfram þeirri vinnu sem er í gangi varðandi alla þessa þætti.	Stjórnendur	Vetur 2026-2027	Stofnun ársins	Bæta niðurstöður í sem flestum þáttum á könnuninni.

	tölvubúnað starfsfólks.	Gera endurnýjunar-áætlun aðgengilega starfsfólki.				
Viðhorf foreldra	Koma gildum skólans á þann stað að allt skólasamfélagið þekki þau. Finna leiðir til að fá tillögur og hugmyndir frá foreldrum um skólastarfið.	Byrja á því að vinna með gildi skólans með nemendum og leita leiða til að breiða þau út um skólasamfélagið. Bjóða foreldrum aðkomu að skólapingi.	Stjórnendur/ kennarar Stjórnendur/ Unicef leiðtogar	2026-2028	Foreldrakönnun SFS sem lögð er fyrir annað hvert ár og verður því ekki lögð aftur fyrir fyrr en 2027-2028.	Fá betri niðurstöðu úr þeim þáttum sem hér er umrætt.